

1290. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 15. apríl 2026 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Halla Gunnarsdóttir, Andrea Rut Pálsdóttir, Birgitta Ragnarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Júlíana Einarsdóttir, Karl. F. Thorarensen, Paula A. Rodriguez Sanchez, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Styrmir Jökull Einarsson, Tómas Gabríel Benjamin, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Ólafur Reimar Gunnarsson, Þórir Hilmarsson varamaður, Eldar Ástþórsson varamaður.

Fjarverandi: Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir.

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR, bauð stjórnarfólk velkomið, sérstaklega nýtt stjórnarfólk sem kosið var í stjórn í mars, og setti svo fund.

Halla óskaði eftir að gera breytingu á áður auglýstri dagskrá, að taka inn þrjá nýja liði, liður #6 yrði Könnun meðal barnafólks, liður #7 yrði Ósk um sameiningu frá Bifreiðastjórðfélaginu Sleipni og liður #12 yrði Kaup á orlofshúsi í Skorradal. Aðrir liðir færist til í samræmi við þetta. Engar athugasemdir voru gerðar við þetta.

1. Fundargerð 1289. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Halla Gunnarsdóttir lagði fram fundargerð 1289. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og send til rafrænnar undirritunar.

2. – 4. Stjórn skiptir með sér verkum, kosið um varaformann og ritara, skipað í nefndir og Ungliðaráð VR

Liðir #2, #3 og #4 í dagskrá voru teknir saman í kynningu og umræðum.

Fyrir fundinum lá skjalið „Ráð og nefndir hjá VR 2026-2027“ til umræðu og afgreiðslu

Halla benti á að kjörtímabil þeirra stjórnarmanna sem kosnir voru í stjórn í mars er aðeins eitt ár í ljósi breytinga á lengd kjörtímabils sem koma að fullu til framkvæmda á næsta ári. Því leggi hún til að ekki verði gerðar miklar breytingar á skipan í nefndir og ráð.



Fyrst var kosið til varaformanns, en núverandi varaformaður, Ólafur Reimar Gunnarsson, var einn í framboði og er varaformaður stjórnar kjörtímabilið 2026-2027.

Þá sagði Halla frá því að Andrea Rut Pálsdóttir hafi lýst yfir áhuga á embætti ritara. Halla spurði hvort fleiri vildu gefa kost á sér. Jennifer Schröder og Sigríður Lovísa Jónsdóttir buðu sig fram. Frambjóðendurnir þrír fengu tækifæri til að kynna sig og var að því loknu gengið til leynilegra kosninga. Niðurstaðan var sem hér segir:

Andrea Rut Pálsdóttir, 7 atkvæði.
Jennifer Schröder, 4 atkvæði.
Sigríður Lovísa Jónsdóttir, 4 atkvæði.

Andrea Rut er því réttkjörin ritari stjórnar kjörtímabilið 2026-2027.

Að þessu loknu fór Halla yfir tillögu að skipan í nefndir og ráð.

Endanleg skipan í nefndir og ráð VR kjörtímabilið 2026-2027 er sem hér segir:

Framkvæmdastjórn Orlofssjóðs VR

Aðalmenn:
Birgitta Ragnarsdóttir
Eldar Ástþórsson
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Selma Björk Grétarsdóttir
Þórir Hilmarsson

Varamaður:
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR

Aðalmenn:
Jennifer Schröder
Júlíana Einarsdóttir
Paula A. Rodriguez
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Tómas Gabríel Benjamin

Varamaður:
Þórir Hilmarsson

Framkvæmdastjórn Vinnudeilusjóðs VR

Aðalmenn:
Andrea Rut Pálsdóttir
Bjarni Þór Sigurðsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir

Varamaður:
Karl F. Thorarensen

Starfsmenntanefnd VR

Aðalmenn:

Birgitta Ragnarsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Júlíana Einarsdóttir
Karl F. Thorarensen
Ólafur Reimar Gunnarsson

Varamaður:

Eldar Ástþórsson

Húsnæðisnefnd VR

Aðalmenn:

Bjarni Þór Sigurðsson
Jennifer Schröder
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Júlíana Einarsdóttir
Selma Björk Grétarsdóttir

Varamaður:

Tómas Gabríel Benjamin

Laganefnd VR

Aðalmenn:

Andrea Rut Pálsdóttir
Bjarni Þór Sigurðsson
Ólafur Reimar Gunnarsson

Varamaður:

Júlíana Einarsdóttir

Launanefnd VR

Aðalmenn:

Ólafur Reimar Gunnarsson
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir



Kjaramálanefnd VR

Aðalmenn:

Andrea Rut Pálsdóttir
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Styrmir Jökull
Tómas Gabríel Benjamin

Varamenn:

Ólafur Reimar Gunnarsson
Birgitta Ragnarsdóttir

Jafnréttis- og mannréttindanefnd VR

Aðalmenn:

Birgitta Ragnarsdóttir
Jennifer Schröder
Paula A. Rodriguez
Styrmir Jökull Einarsson
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Varamenn:

Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Tómas Gabríel Benjamin

Styrkjanefnd VR

Aðalmenn:

Eldar Ástþórsson
Paula A. Rodriguez
Selma Björk Grétarsdóttir
Styrmir Jökull
Þórir Hilmarsson

Varamaður:

Bjarni Þór Sigurðsson

Framtíðarnefnd VR

Aðalmenn:

Andrea Rut Pálsdóttir
Birgitta Ragnarsdóttir
Bjarni Þór Sigurðsson
Karl F. Thorarensen
Tómas Gabríel Benjamin

Varamaður:

Styrmir Jökull Einarsson



Umhverfisnefnd VR

Aðalmenn:

Andrea Rut Pálsdóttir
Birgitta Ragnarsdóttir
Eldar Ástþórsson
Karl F. Thorarensen
Ólafur Reimar Gunnarsson

Varamaður:

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Öldungaráð VR

Aðalmenn:

Bjarni Þór Sigurðsson
Ólafur Reimar Gunnarsson
Selma Grétarsdóttir

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks

Aðalmenn:

Ólafur Reimar Gunnarsson
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir
Fulltrúi LÍV:
Eiður Stefánsson

Varamaður:

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Uppstillingarnefnd um val á stjórnarfólki í LIVE

Aðalmenn:

Halla Gunnarsdóttir
Karl F. Thorarensen
Selma Björk Grétarsdóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Varamaður:

Jennifer Schröder

VR Blær leigufélag hf.

Aðalmenn:

Bjarni Þór Sigurðsson
Halla Gunnarsdóttir
Selma Björk Grétarsdóttir

Varamaður:

Ólafur Reimar Gunnarsson



Ungliðaráð VR

Andrea Rut Pálsdóttir
Mateusz Gabriel Kowalczyk Róbertsson
Styrmir Jökull Einarsson

Stjórn skipar þrjá í Ungliðaráð en gengið verður til kosninga um aðra þrjá í byrjun maí.

Rannsóknarsetur verslunarinnar – stjórnarmaður

Bjarni Þór Sigurðsson

Eldar Ástþórsson kom á fundinn kl. 18:00

5. Upplýsingar frá formanni

Halla fór yfir stöðu kjarasamninga og efnahagsmála. Það stefni í forsendurbrest í ágúst sem hafi í raun verið löngu ljóst áður en olíuverð fór á flug. Ríkisstjórnin hafi brugðist við kalli VR um að setja þak sem stuðla mun að því að olíuverð verði ekki eins hátt og ella. VR sér þó ýmsa vankanta á ákvörðun stjórnvalda, m.a. varðandi tímalengd aðgerða, og mun gera grein fyrir því í umsögn um málið. Þetta er hins vegar róttæk aðgerð og áhugavert verði að fylgjast með framvindunni.

Halla sagði þreifingar í gangi varðandi næstu skref í að koma böndum á efnahagsástandið án þess að þurfa að segja samningum upp. Aðilum vinnumarkaðarins ber skylda til að reyna til þrautar að koma í veg fyrir uppsögn samninga og sagðist Halla taka þá skyldu alvarlega. Hún hafi verið skýr með það að almennar launahækkanir séu kannski ekki það besta í stöðunni en þær séu hins vegar eina leið launafólks. Það er skýrt þak á launahækkunum til launafólks, sagði Halla, en ekki hjá öðrum sem fari sínu fram. Finna þurfi leiðir til að bregðast við því.

Innan verkalýðshreyfingarinnar er ekki samhljómur, sagði Halla. ASÍ sé vettvangur bæði umræðna og vinnunnar við að finna lausn en hvorki SGS né Efling séu tilbúin til þess.

Ítarefni - trúnaðarmál

Fyrir fundinum liggja skjölin „5.0 Drög að uppleggi frá ASÍ vegna samtals við stjórnvöld og SA“ og „5.1 Áherslur VR, LÍV og fagfélaganna vegna samtals við stjórnvöld og SA“ til kynningar og umræðu. Hvoru tveggja trúnaðarmál.

ASÍ hefur kynnt formönnum innan verkalýðshreyfingarinnar tillögur að uppleggi fyrir þríhliða samráð aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda og fór Halla yfir helstu atriði.

Lagt er til að stofnaður verði vinnuhópur sem leggi mat á áhrif verðbólgu og hárra vaxta á afkomu heimila sem og launa- og kaupmáttarþróun og dreifingu ólíkra hópa á samningstímanum. Þá verði lagt mat á umfang sjálfvirkra vísitölhækkana og leiðir til að sporna við þeim.



Þegar kemur að húsnæðismálum verði að tryggja aukna aðkomu og skuldbindingu sveitarfélaga og hraða uppbyggingu verulega til að auka húsnæðisöryggi lágtekjufólks. Áfram verði unnið að því að bæta húsnæðisöryggi og draga úr kostnaðarbyrði leigjenda, m.a. með tímabundinni leigubremsu.

Hvað varðar stöðu barnafólks segir ASÍ að auka þurfi framlög til barnabóta og tryggja a.m.k. að þau rýrni ekki að raunvirði. Taka þurfi til endurskoðunar gjaldskrár sem snúa að þjónustu við barnafolk og fólk í viðkvæmri stöðu, en Halla benti á að þvert á loforð hafi þessi gjöld hækkað umfram verðbólgu. Taka þarf sterkar til orða en gert er í skjali ASÍ, sagði Halla, og krefjast þess að þessar hækkanir verði dregnar til baka.

Í vinnumarkaðsmálum vill ASÍ að frumvarp um breytingar á atvinnuleysistryggingum verði dregið til baka og lögfest verði viðurlög við brot á lágmarkskjörum launafólks svo eitthvað sé nefnt.

Að lokinni yfirferð á tillögum ASÍ fór Halla yfir tillögur VR, LÍV og fagfélanna þar sem áhersla er á aðgerðir sem miða að því að stemma stigu við verðbólgu og koma til móts við þá hópa sem verst hafa farið út úr efnahagsástandinu. Meðal þess sem lagt er til hér:

- *Stóru fyrirtækin í landinu sem hafa verðmótandi áhrif dragi úr arðsemiskröfu sinni í að minnsta kosti tvö ár.*
- *Nýlegar gjaldskrárhækkanir sveitarfélaga, einkum á hita, rafmagni og leikskólagjöldum, verði dregnar til baka og gjaldskrár hins opinbera verði frystar út gildistíma kjarasamninga.*
- *Að verðlagseftirlit ASÍ fái það verkefni að rannsaka orsakir þessara verðhækkana og gera tillögur um aðgerðir til að stöðva þær.*
- *Að komið verði til móts við leigjendur, fólk með íþyngjandi húsnæðislán og barnafjölskyldur, til dæmis í gegnum barnabætur, húsnæðisbætur og vaxtabætur.*
- *Að sveitarfélög láti af atlögu sinni að almennum leikskólum. Leikskólinn er hornsteinn velferðarsamfélagsins og grundvöllur atvinnuþátttöku foreldra.*
- *Gripið verði til raunverulegra aðgerða til að auka framboð á húsnæði. Ríkið taki að sér viðameira hlutverk og jafnvel yfirstjórn í málaflöknum.*

Halla sagði frá því að VR hafi verið boðið á fund forsætisnefndar borgarstjórnar Reykjavíkur í vikunni og muni hún leggja þar áfram áherslu á málefni barnafólks sem og húsnæðismál.

Umræður

Ólafur Reimar Gunnarsson fór af fundi kl.19:00.

6. Könnun meðal barnafólks

Fyrir fundinum lá skjalið „6.0 Könnun meðal barnafólks“ til kynningar.

Halla fór yfir helstu niðurstöður í nýlegri könnun meðal félagsfólks VR með börn yngri en 18 ára. Rúmlega tvö þúsund svör bárust en spurt var um viðhorf til þjónustu sveitarfélaga, breytingar á þjónustu og opnunartíma í leikskólum, almenna fjárhagsstöðu og fleira.

76% svarenda með börn á leikskólaaldri eða yngri sögðu að gerðar hafi verið breytingar á opnunartíma, þjónustu eða gjaldskrá leikskóla í þeirra sveitarfélagi. Þriðji hver hefur gert breytingar á vinnutíma sínum til að koma til nóts við þessar breytingar, þar af segist um helmingur hafa **þurft** að gera slíkar breytingar. Um 41% hafa stýtt vinnutíma sinn, 34% hafa aukið vinnu utan dagvinnutíma og 20% byrja fyrr eða hættu seinna.

Þá segja 45% svarenda að þörf á aðstoð við að láta daglegt líf ganga upp hafi aukist á síðustu tveimur árum. Sama hlutfall fær aðstoð frá ættingjum eða vinum í slíkum aðstæðum.

Halla benti á að bæði Eining lðja og Afl stéttarfélag hafi gert kannanir meðal sinna félaga um breytingar á leikskólamálum. Þær kannanir sýni mikla óánægju með breytingarnar. Sambærilegt hlutfall svarenda í þeim könnunum og í könnun VR hefur gert breytingar á sínum vinnutíma í kjölfar breytinga á opnunartíma leikskóla.

Halla benti á að bakslag hafi orðið í jafnréttismálum á síðustu árum, það sé mikilvægt að stéttarfélögin leggi áfram áherslu á leikskólamálin og fæðingarorlof, sem falli undir vinnumarkaðstengd réttindi.

Umræður

Í umræðum var óskað eftir frekari greiningum, annars vegar á stöðu erlendra félaga og hins vegar eftir sveitarfélögum.

7. Ósk um sameiningu frá Bifreiðastjórafélaginu Sleipni

Fyrir fundinum lá skjalið „7.0 Sleipnir ósk um sameiningu minnisblað“ til umfjöllunar.

Sleipnir bifreiðastjórafélag hefur óskað eftir því að félagið sameinist VR. Sleipnir er stéttarfélag bifreiðastjóra, fyrst og fremst hópbifreiða, og er eitt fámennasta stéttarfélag landsins. Félagið hefur kjarasamning við Samtök atvinnulífsins.

Halla sagði að sameining við Sleipni kynni að hafa nokkur áhrif á samsetningu og eðli VR og kynni að skapa deilur innan ASÍ þar sem bílstjórar falla ekki undir félagasvið VR eins og sakir standa.

Umræður

Að umræðum loknum var ákveðið að skoða málið betur og bíða með afstöðu til beiðni Sleipnis um sameiningu.

8.0 Starfsreglur VR

Fyrir fundinum lá skjalið „8.0 Starfsreglur stjórnar VR“ til afgreiðslu. Skjalið mun liggja á milli funda.

Halla sagði að starfsreglur stjórnar séu ætíð til umræðu á fyrsta fundi eftir stjórnarkosningu. Nú er lögð til ein breyting á reglunum, að fundarritara beri að skila fundargerð þremur virkum dögum eftir fund, en áður stóð 72 stundum.

Engar athugasemdir voru gerðar við þetta.

Starfsreglurnar munu liggja milli funda og verða lagðar fyrir stjórnarfund í maí.

9.0 Breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Fyrir fundinum lágu skjölin „9.0 Erindi til aðildarsamtaka LV vegna breytinga á samþykktum á ársfundi sjóðsins 2026“; „9.1 Breytingatillögur á samþykktum LV ásamt greinargerð, lagðar fyrir ársfund 2026“; „9.2 Samþykktir LV - Breytingar fyrir ársfund 2026“ og „9.3 Mat á áhrifum samþykktabreytinga 2026“ til umfjöllunar og ákvörðunar.

Stefán kynnti tillögur að breytingum á samþykktun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, sem kynntar voru á fundi fulltrúarráðs VR í sjóðnum í aðdraganda ársfundar þar sem tillögurnar voru lagðar fyrir og staðfestar. Slíkar breytingar þurfa samþykki stofnaðila sjóðsins auk ársfundar og eru því lagðar fyrir stjórn VR.

Breytingarnar lúta einkum að þróun lífeyris innan sameignardeildar sjóðsins, textabreytingum sem ætlað er að auka skýrleika samþykktanna og uppfærslu á réttindatöflum í ljósi þess að lífaldur hefur lengst og tengdum textabreytingum. Breytingar fela m.a. í sér hækkun barnalífeyris og breytingar á makalífeyri.

Umræður

Að loknum umræðum voru breytingarnar bornar undir fundinn og samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

10. Starfsreglur launanefndar VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „10.0 Starfsreglur launanefndar minnisblað til stjórnar“ og „10.1 Starfsreglur launanefndar VR“ til umfjöllunar og afgreiðslu.

Starfsreglur launanefndar voru lagðar fyrir fund stjórnar þann 11 mars. Í umræðum var gerð athugasemd við 3 gr. um hæfis- og hæfniskröfur og sneri athugasemdin að óhæði stjórnarmanna. Skrifstofu var falið að skýra betur á næsta fundi hvað fælist í því að nefndarmenn væru óháðir VR.

Stefán fór yfir útskýringu á orðinu sem fæli í sér að nefndarmenn hafi ekki slík tengsl við félagið að það geti haft áhrif á sjálfstæði þeirra í ákvörðunum. Markmiðið sé að tryggja að stjórnin/launanefnd geti tekið ákvarðanir út frá hagsmunum félagsins og alls félagsfólks.

Umræður

Að umræðum loknum voru starfsreglurnar bornar undir fundinn og samþykktar samhljóða.

Starfsreglur launanefndar VR eru svohljóðandi:

1. gr. Skipan og umboð launanefndar

- 1.1. Launanefnd VR er undirnefnd stjórnar VR. Stjórn VR skipar þrjá einstaklinga í nefndina sem koma úr stjórn VR. Á fyrsta fundi nefndar kýs hún sér formann.
- 1.2. Launanefnd hefur heimild til að afla faglegrar og óháðrar ráðgjafar sem hún telur nauðsynlega til að sinna hlutverki sínu. Kostnaður við slíka ráðgjöf skal tilkynntur stjórn VR og rúmast innan samþykkrar fjárhagsáætlunar.
- 1.3. Nefndin getur óskað eftir upplýsingum um launamál hjá VR, þar á meðal um launakjör stjórnenda, starfsmanna og jafnlaunamál.
- 1.4. Formaður nefndarinnar er málsvari hennar gagnvart stjórn VR og framkvæmdastjóra nema nefndin ákveði annað.

2. gr. Skipunartímabil

- 2.1. Launanefnd skal skipuð til tveggja ára í senn á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund. Árin 2025 og 2026 er hún skipuð til eins árs.

3. gr. Hæfis- og hæfniskröfur

- 3.1. Nefndarmenn skulu vera óháðir VR í störfum sínum og búa yfir eða afla sér þekkingar á launa- og starfskjaramálum.

4. gr. Hlutverk og verkefni

- 4.1. Hlutverk nefndarinnar er að undirbúa ákvarðanir stjórnar VR og gera tillögur um laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra, formanns og annarra stjórnarmanna, eftir því sem við á.
- 4.2. Helstu verkefni nefndarinnar eru að:
 - a. Koma með tillögu til stjórnar að launum og öðrum kjörum formanns og framkvæmdastjóra.
 - b. Koma með tillögu til stjórnar að stjórnarlaunum sem lögð eru fyrir aðalfund.
 - c. Að greina stjórn árlega frá kjörum formanns og framkvæmdastjóra.
 - d. Allar breytingar á kjörum formanns og framkvæmdastjóra skal launanefnd fjalla um og leggja fyrir stjórn VR.
- 4.3. Nefndin kemur að ráðningu framkvæmdastjóra í samræmi við verklagsreglur um ráðningu framkvæmdastjóra (LEB-618)
- 4.4. Stjórn VR getur vísað til nefndarinnar hvaða máli sem er á verksviði hennar. Nefndin getur einnig haft frumkvæði að slíkri umfjöllun.

5. gr. Starfshættir

- 5.1. Formaður stýrir fundum nefndarinnar.
- 5.2. Nefndin skal skipuleggja störf sín við upphaf starfsárs, m.a. með starfsáætlun.
- 5.3. Fundir skulu að lágmarki vera tveir á ári.
- 5.4. Fundarboð skal sent með minnst þriggja daga fyrirvara nema allir samþykki skemmri

frest.

- 5.5. Nefndin er ákvörðunarbær ef meirihluti situr fund og hann hefur verið rétt boðaður.
- 5.6. Halda skal fundargerð þar sem m.a. er skráð staður og tími fundar, fundarmenn, dagskrá, samantekt umræða, ákvarðanir og næsti fundur.

6. gr. Ábyrgð og þagnarskylda

- 6.1. Nefndin ber ábyrgð á þeim verkefnum sem henni eru falin en endanleg ábyrgð hvílir á stjórn VR.
- 6.2. Nefndarmenn skulu viðhalda óhæði og hafa góða dómgreind.
- 6.3. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni VR og félagsfólks nema lög eða stjórn ákveði annað. Þagnarskylda helst þótt látið sé af setu í stjórn VR.

7. gr. Breytingar á starfsreglum

- 7.1. Aðeins stjórn VR getur gert breytingar á þessum starfsreglum.
- 7.2. Nefndin getur óskað eftir breytingum með formlegri tillögu til stjórnar.

11. Launakjör formanns VR

Fyrir fundinum lá skjalið „11.0 Starfslýsing og launakjör formanns – minnisblað“ til umfjöllunar og ákvörðunar. Þessu máli var frestað á marsfundi stjórnar.

Halla tók til máls áður en hún vék af fundi undir þessum lið. Hún benti á að hún hafi óskað eftir því við launanefnd að launakjör formanns yrðu tekin til heildstæðrar endurskoðunar með það að markmiði að einfalda þau og gera þau gegnsærri. Heilarlaun eigi þannig að taka til allrar vinnu formanns í þágu félagsins. Taki formaður að sér önnur störf, s.s. á vettvangi ASÍ eða LÍV, renni laun fyrir þau beint til VR. Formaður eigi að gegna þeim störfum innan hreyfingarinnar sem stjórn félagsins telur mikilvægt fyrir hagsmuni þess.

Ólafur Reimar kom aftur inn á fundinn kl. 19:45.

Vék Halla nú af fundi og ritari félagsins, Andrea Rut Pálsdóttir, tók við stjórn fundarins.

Andrea opnaði fyrir umræður.

Í umræðum lagði Sigríður Lovísa Jónsdóttir til að málinu yrði vísað aftur til launanefndar.

Þórir Hilmarsson fór af fundi kl. 20:45.

Að umræðum loknum var tillaga Sigríðar Lovísu um að málinu yrði vísað til launanefndar borin undir fundinn.

Tillagan var felld með níu atkvæðum gegn þremur.

Þá var tillaga lögð fyrir fundinn um að laun formanns nemi 1.913.000 kr. á mánuði og feli í sér öll laun fyrir störf í þágu félagsins.

Tillagan var samþykkt með 11 atkvæðum gegn einu, Jónas Yngvi Ásgrímsson lét bóka mótaskvæði. Bjarni Þór Sigurðsson lét bóka hjásetu.

Að þessu loknu var samþykkt að leggja starfslýsingu formanns og ákvörðun um orlof fyrir fund stjórnar síðar.

Í umræðum óskaði Andrea eftir að lengja fund um 15 mínútur, engar athugasemdir voru gerðar við það.

Að þessum lið loknum tók Halla aftur við stjórn fundarins.

12. Kaup á orlofshúsi í Skorradal

Fyrir fundinum lá skjalið „12.0 Kaup á orlofshúsi að Stráksmýri í Skorradal“ til umfjöllunar og afgreiðslu.

Stefán segir frá því að kautilboð félagsins í orlofshús í Stráksmýri í Skorradal hafi verið samþykkt með fyrirvara um samþykki stjórnar.

Húsið er 94,1 fermetri að stærð og byggt árið 2003, með þremur svefnherbergjum og átta rúmum sem fylgja húsinu ásamt borðstofusetti fyrir 12-14 manns. Kaupverð hússins er 53 m.kr.

Umræður

Að umræðum loknum var kautilboðið lagt fyrir fundinn og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:30.